

Fimmtudaginn 21. nóvember 1996.

Nr. 37/1996.

**Ragnhildur Óskarsdóttir og
Birna Óskarsdóttir**

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

Glitni hf.

(Andri Árnason hrl.)

Sameignarfélag. Prókúruumboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1996. Þeir krefjast sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti sameiginlega úr hendi áfrýjenda.

Samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Reykjavíkur 2. desember 1981 ráku áfrýjendur ásamt Óskari Sigurðssyni sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Hilti sf. Segir í tilkynningunni, að tilgangur félagsins sé verslunarrekstur, innflutningur, véla-leiga og lánastarfsemi.

Eins og greinir í héraðsdómi, hafði Óskar prókúruumboð fyrir félagið. Hann undirritaði í nafni Hiltis samning 3. september 1987 við stefnda um fjármögnunarleigu á kjarnaborvél og nokkrum öðrum nánar tilgreindum tækjum. Var nafnið „Hilti s/f“ ásamt heimilisfangi, símanúmeri og nafnnúmeri stimplað í línu merkta „leigutaki“ á samningnum. Ritaði Óskar nafn sitt við hið stimplaða heiti félagsins. Fallist er á það með stefnda, að ekki skipti máli um ábyrgð sameignarfélagsins gagnvart honum, að stafirnir „pr. pr.“ voru ekki notaðir við undirritunina.

Meginregla um efni prókúruumboðs er í 25. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Segir þar, að umboðsmaður hafi vald fyrir umbjóðanda til að annast allt það, er snertir rekstur atvinnu hans. Ljóst þykir, að áðurgreindur samningur við stefnda 3. september 1987 um leigu á tækjum varðar rekstur Hiltis sf., eins og honum er lýst í nefndri tilkynningu til firmaskrár.

Þegar litið er til ákvæða 31. gr., sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 42/1903, verður ekki talið, að ákvæði félagssamnings þess, sem getur í héraðsdómi, um takmarkanir á heimild félagsmanna til að gera ráðstafanir í nafni félagsins, skerði umboð prókúruhafa. Loks hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnda hafi mátt vera kunnugt um sérstakar takmarkanir á umboðinu.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður að telja, að hin umdeilda undirritun hafi skuldbundið Hilti sf. og þar með alla eigendur félagsins.

Með þessum athugasemdum verður héraðsdómur staðfestur.

Eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greint er í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ragnhildur Óskarsdóttir og Birna Óskarsdóttir, greiði stefnda, Glitni hf., sameiginlega 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 27. nóvember sl., er höfðað af Glitni hf., Ármúla 7, Reykjavík, með stefnu, birtri 24. nóvember 1994, á hendur Ragnhildi Óskarsdóttur, Bæjargili 117, Garðabæ, og Birnu Óskarsdóttur, Óttuhæð 8, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdar in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 844.298 kr., ásamt dráttarvöxtum [...].

Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins með hliðsjón af fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þær verði sýknaðar af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til þess að greiða stefndu málskostnað að mati dómsins ásamt 24,5% virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

II.

Málavextir og málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveður skuldina vera til komna vegna fjármögnunarleigusamnings nr. 600287-003, dagsetts 3. 9. 1987, milli Glitnis hf. sem leigusala og Hiltis sf. sem leigutaka. Samkvæmt samningi þessum hafi leigusali selt leigutaka á leigu kjarnaborvél PC MII með öllum fylgihlutum, átta stykki

TE 92 fleyghamra og tvö stykki JP80 fleyghamra. Skyldi greiða samninginn með 60 mánaðarlegum leigugreiðslum 15. hvers mánaðar, í fyrsta sinn 15. september 1987, hverri að fjárhæð 42.113 kr., er tæki breytingum til hækkunar samkvæmt hækkun vísitölu lánskjara, grunnvísitölu 1778 stigum, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. skilmála samningsins.

Er fjármögnunarleigusamningur þessi var gerður, hafi Hilti sf. verið í eigu Óskars Sigurðssonar, kt. 231239-3839, og dætra hans, stefndu í máli þessu. Með tilkynningu til firmaskrár Reykjavíkur 13. desember 1988, sem barst firmaskrárritara 15. desember 1988, hafi stefndu lýst yfir, að þær gengju úr fyrirtækinu Hilti sf. frá og með undirritun tilkynningarinnar að telja. Hafi verið tekið fram í tilkynningu þessari, að frá og með sama tíma bæri Óskar Sigurðsson einn ábyrgð á rekstri fyrirtækisins, sem yrði einka-fyrirtæki hans. Hafi fylgt með yfirlýsing frá Óskari, þar sem hann staðfesti þetta. Með úrskurði, upp kveðnum 23. mars 1993, hafi bú Óskars Sigurðssonar verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Leigutaki hafi greitt umsamdar leigugreiðslur til 15. október 1991, en frá og með þeim tíma hafi hann ekki fengist til að greiða gjaldfallnar leigugreiðslur þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um. Vegna vanskila leigutaka hafi samningnum verið rift af hálfu leigusala 31. ágúst 1992, en, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir hafi leigusala ekki verið skilað hinum leigðu munum, enda sé talið, að þeir hafi ekki fjárhagslegt gildi. Sé skuld stefndu miðuð við 31. ágúst 1992 reiknuð samkvæmt 16. gr. skilmála samningsins sem hér segir:

Gjaldfallnar leigugreiðslur:

15. 10. 1991	kr.	76.502
15. 11. 1991	„	76.726
15. 12. 1991	„	76.597
15. 1. 1992	„	76.549
15. 2. 1992	„	76.597
15. 3. 1992	„	76.597
15. 4. 1992	„	76.664
15. 5. 1992	„	76.715
15. 6. 1992	„	76.881
15. 7. 1992	„	77.005
15. 8. 1992	„	77.449
Samtals gjaldfallnar leigugreiðslur	kr.	844.298(?)

Innheimtutilraunir hjá stefndu hafi engan árangur borið, og sé því nauðsynlegt að innheimta skuldina með málshöfðun hjá stefndu, þar sem stefn-

andi telji, að þrátt fyrir úrsögn sína úr sameignarfélaginu Hilti sf. í desember 1988 hafi stefndu borið ábyrgð á fullum efndum þess fjármögnunarleigusamnings, sem hér um ræði. Hafi hann verið gerður alllöngu áður en úrsögnin fór fram, og auk þess samþykkti stefnandi aldrei, að stefndu yrðu leystar undan ábyrgðarskuldbindingu sinni.

Stefnandi reisir kröfur sínar á tilgreindum fjármögnunarleigusamningum aðila og þeirri grundvallarreglu kröfu- og samningaréttar, að samninga beri að halda. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Kröfur um málskostnað miðar stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður stefndu.

Stefndu kveða málavexti vera þá, að í ársbyrjun 1982 hafi þær og Óskar G. Sigurðsson gert með sér félagssamning, þar sem þau stofnuðu sameignarfélagið Hilti sf. Félagið hafi verið skráð í firmaskrá Reykjavíkur sem sjálfstæður skattaðili og hafi 8. febrúar 1982 fengið nafnnúmerið 4139-7896. Félagið hafi því verið sjálfstæð lögpersóna. Félagið hafi síðar fengið kennitölu, er beri með sér stofndag og stofnár félagsins, 480282-0869.

Samkvæmt 3. gr. félagssamningsins á dskj. nr. 7 þurfi samþykki allra félagsmanna til meiri háttar ráðstafana, svo sem að kaupa eignir. Fjármögnunarleigusamningurinn á dskj. nr. 3 feli í raun í sér kaup á ýmsum vélum fyrir 1.702.934 kr. Samningur þessi sé aðeins undirritaður af Óskari G. Sigurðssyni og gerður án vitundar og vilja stefndu. Stefndu hafi ekki fengið vitneskju um tilvist hans, fyrr en stefnandi hóf innheimtu á samningnum.

Með samningsgerð þessari hafi Óskar G. Sigurðsson farið langt út fyrir heimildir einstaks félagsmanns til þess að skuldbinda Hilti sf. Kaup á vélum fyrir 1.702.934 kr. árið 1987 hafi verið meiri háttar ráðstöfun, sem allir félagsmenn Hiltis sf. hefðu þurft að samþykkja, ef hann hefði átt að verða skuldbindandi fyrir félagið og félagsmenn.

Félagssamningur stefndu og Óskars G. Sigurðssonar hafi verið skráður opinberlega í firmaskrá hjá borgarfélaginu í Reykjavík, og því geti enginn viðsejanda Hiltis sf. borið fyrir sig ókunnugleika á efni hans. Stefndu hafi því verið fullkunnugt um, að hann átti aðeins kröfu á Óskar G. Sigurðsson persónulega.

Sýknuhrafa stefndu er reist á aðildarskorti skv. 2. mgr. 16. gr. 1. nr. 91/1991.

Þar sem skv. félagssamningnum þurfi samþykki allra félagsmanna til slíkra ráðstafana, sem felist í löggerningnum á dskj. nr. 3, hafi hann verið óskuldbindandi fyrir Hilti sf. og af þeim sökum óskuldbindandi fyrir

stefndu. Stefndu séu því ekki aðilar að þessum samningi, og beri því að sýkna þær af kröfum stefnanda. Krafan um málskostnað er reist á lögum nr. 91/1991, einkum 130. gr. og 131. gr., og krafan um, að tekið sé tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar, styðjist við lög nr. 50/1988, en stefndu reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi, og sé þeim því nauðsynlegt að fá dæmdan málskostnað með inniföldum áhrifum virðisaukaskatts, 24,5%.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt fram lögðum samningi á dskj. nr. 6 er Hilti sf. annars vegar talið seljandi og hins vegar leigutaki. Lögmaður stefnanda skýrði þetta svo við munnlegan málflutning, að Hilti sf. hefði selt Glitni hf. vélina, en leigt hana síðan aftur af Glitni hf. með þeim skilmálum, sem fram koma í samningnum. Þessi skýring sætti ekki andmælum stefnda.

Í ódagsettum sameignarfélagssamningi Hiltis sf. á dskj. nr. 8 segir svo í 3. gr.: „Hvert okkar hefur heimild til að rita firmað.“

Í tilkynningu til firmaskrár á dskj. nr. 9 segir svo m. a.:

„Firmað ritum við þannig:

Óskar Sigurðsson,

Birna Óskarsdóttir,

Ragnhildur Óskarsdóttir,

Prókúru fyrir firmað hefur Óskar Sigurðsson og ritar hana þannig:

pr. pr. Hilti sf.

Óskar Sigurðsson.“

Í tilkynningunni er ekki getið neinnar takmörkunar á prókúruumboði Óskars Sigurðssonar eða vísað til einstakra ákvæða félagssamningsins.

Samkvæmt 25. gr. l. nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð hefur prókúruhafi vald til f. h. umbj. síns að annast allt það, er snertir rekstur atvinnu hans og rita firmað. Enn fremur segir í lögnum: „Þó má prókúruhafi eigi selja né veðsetja fasteignir umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess beint umboð.“

Í máli þessu er eigi um það deilt, að Óskar Sigurðsson hafi ritað undir samninginn sem prókúruhafi, enda þótt ritun þar undir sé ekki í samræmi við tilkynningu til firmaskrár, þ. e. ekki er vísað til prókúruumboðs. Hins vegar er á því byggt, að umdeildar ráðstafanir falli utan prókúruumboðs Óskars, og hafi þurft samþykki allra félagsmanna til þessara ráðstafana samkvæmt félagssamningi á dskj. nr 8, 3. gr.

Samkvæmt 25. gr. firmalaga telst slík skuldbinding, sem samningurinn felur í sér, falla undir umboð það, er prókúra veitir, enda er ekki um að

ræða sölu eða ráðstöfun á fasteign. Ekki liggur fyrir, að leigusala hafi verið eða mátt vera kunnugt um efni félagssamnings aðila, og telst hann því óbundinn af efni hans um takmörkun á prókúruumboði Óskars Sigurðssonar. Var samningurinn því bindandi fyrir Hilti sf. gagnvart viðsemjanda fyrirtækisins og þannig bindandi fyrir stefndu, sem báru fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þegar samningurinn var gerður, og helst sú ábyrgð þeirra þrátt fyrir útgöngu þeirra úr félaginu síðar. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina að fullu, enda hefur kröfufjárhæð ekki verið mótmælt.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 143.000 kr.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ragnhildur Óskarsdóttir, Bæjargili 117, Garðabæ, og Birna Óskarsdóttir, Óttuhæð 8, Garðabæ, greiði in solidum stefnanda, Glitni hf., Ármúla 7, Reykjavík, 844.298 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987, af 76.502 kr. frá 15. október 1991 til 15. nóvember s. á., af 153.264 kr. frá þeim degi til 15. desember s. á., af 229.861 kr. frá þeim degi til 15. janúar 1992, af 306.410 kr. frá þeim degi til 15. febrúar s. á., af 306.410 kr. frá þeim degi til 15. mars s. á., af 459.604 kr. frá þeim degi til 15. apríl s. á., af 536.248 kr. frá þeim degi til 15. maí s. á., af 612.963 kr. frá þeim degi til 15. júní s. á., af 689.844 kr. frá þeim degi til 15. júlí s. á., af 766.849 kr. frá þeim degi til 15. ágúst s. á., og af 844.298 kr. frá þeim degi til greiðsludags, og leggjast dráttarvextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. október 1992. Enn fremur greiði stefndu stefnanda in solidum 143.000 kr. í málskostnað.